

# Framtíðarsýn og stefnumótun Málms/SI

Hótel Borgarnesi 15–16. nóvember 2012

Niðurstöður – Davíð Lúðvíksson

Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði

# Dagskrá stefnumótunarfundar



**Fimmtudagur 15. nóvember**

12:00-12:30 Mæting, skráning í herbergi

12:30-13:00 Inngangur, kynning á vinnugangi og farið yfir afrakstur stefnu frá 2003.

13:00-15:45 Hugmyndaregn um framtíðarsýn og afgerandi forsendur

15:45-16:00 Kaffihlé

16:00-18:00 Úrvinnsla vinnuhópa, lýsing á framtíðarsýn og afgerandi forsendum

18:00-19:00 Hlé (hægt að fara í göngu, sund og gufubað)

19:00-19:30 Hvernig náum við árangri á alþjólegum markaði – kröfur til fyrirtækja

*Kristinn Anderssen, Marel.*

19:30-21:00 Kvöldverður

21:00-22:30 Umræður og innlegg um framtíð og forsendur íslensks málmiðnaðar

22:30-24:00 Óformlegar umræður





**Föstudagur 16. nóvember**

07:45-08:15 Morgunverður

08:15-11:00 Hugmyndaregn um skilgreiningu verkefna/aðgerða

11:00-11:30 Kaffihlé og losun herbergja

11:30-12:30 Forgangsröðun verkefna/aðgerða í vinnuhópum

12:30-13:30 Léttur hádegisverður - niðurstöður, framhald, fundarlok og brottför



## Stefna og framkvæmd 2003

# Framtíðarsýn málmiðnaðar

| Nr. | Aðgerð/verkefni: Vægi | Öflug, sérhæfð og arðsöm fyrirtæki á alþjóðlegum markaði (F 1) | Öflug útrás (F 2) | Málmiðnaður bætir lífskjör – jákvæð ímynd í þjóðfélaginu (F 3) | Mikil framþróun í íslenskum málmiðnaði (F 4) | Góð almenn samkeppnis- og rekstrarskilyrði – virk löggjöf og stuðningur (A 1) | Jákvætt hugarfar gagnvart málmiðnaði (A 2) | Virk stjórnun og gæði í fyrirrúmi (A 3) | Tækniþróun í málmiðnaði leið til stórfelldra framfara (A 4) | Öflug menntun og þekkingaruppbygging (A 5) | Markvisst markaðsstarf (A 6) | Samtals | Einkunn fyrir árangur 2003 (0-4) | Einkunn fyrir árangur 2012 (0-4) | Umfang/Kostnaður (L,M,S)=(1,2,3) | Forgangsröðun (0-10) (10=mesti forg.) |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vægi | 9,0 | 8,2 | 8,7 | 9,1 | 9,0 | 9,3 | 9,1 | 9,2 | 8,8 | 9,0 | | | | | |
| | **Mat á stöðu framtíðarsýnar og forsendna (0-4)** | 1,5 1 | 1,5 1 | 2,5 1 | 3,5 3 | 3,2 2 | 2,0 1 | 2,5 1 | 2,5 1 | 2,0 1 | 2,0 2 | | | | | |
| **1** | **Rekstrarskilyrði - stjórnvöld** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **1,01** | Leiðin að evrunni - taka upp evruna | 7 | 3 | 3 | 3 | 3 | 0 | 0 | 0 | 1 | 7 | **24** | 0,0 | 0,0 | **2** | 5,5 |
| **1,02** | Bankar (vextir) ábyrgðariðgjöld | 7 | 7 | 3 | 7 | 7 | 0 | 1 | 0 | 0 | 7 | **35** | 0,0 | 0,0 | **1** | 7,5 |
| **1,03** | Starfsmannasamningar | 7 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 7 | 1 | 1 | 0 | **30** | 1,0 | 2,5 | **1** | 5,3 |
| **1,04** | Fjárhagslegt umhverfi/innheimta | 3 | 3 | 1 | 7 | 3 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | **17** | 1,0 | 2,0 | **1** | 5,1 |
| **2** | **Menntamál** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **2,01** | Þekkingarstjórnun | 7 | 7 | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 3 | 0 | **42** | 2,0 | 2,5 | **2** | 4,5 |
| **2,02** | "Mekatronik" - nýtt iðnnám - | 7 | 7 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 7 | 7 | 7 | **45** | 0,0 | 0,5 | **3** | 5,6 |
| **2,03** | Betri kostnaðarvitund - bættur hagur | 7 | 3 | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 0 | 7 | 1 | **37** | 0,0 | 1,5 | **1** | 7,6 |
| **2,04** | Samhæfing og efling endurmenntunar | 7 | 1 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 0 | **24** | 1,0 | 2,5 | **1** | 6,1 |
| **2,05** | Málm- og véltæknikjarni | 7 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 1 | 1 | 3 | 0 | **22** | 1,0 | 0,5 | **3** | 4,5 |
| **2,06** | Breytt menntastefna stjórnvalda | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 7 | 7 | 0 | **46** | 1,0 | 2,5 | **1** | 7,0 |
| **2,07** | Hæfnisvottun málmiðnaðarmanna | 7 | 1 | 1 | 3 | 7 | 3 | 7 | 1 | 7 | 3 | **36** | 1,0 | 3,0 | **3** | 5,5 |
| **3** | **Samstarf** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **3,01** | Hugsjón | 7 | 0 | 0 | 1 | 3 | 1 | 3 | 0 | 0 | 7 | **20** | 0,0 | 0,0 | **1** | 3,7 |
| **3,02** | Verktaka v/stóriðju - samvinna | 0 | 3 | 1 | 3 | 3 | 1 | 0 | 1 | 1 | 7 | **18** | 0,0 | 2,0 | **1** | 4,5 |
| **3,03** | Samruni til styrktar framleiðslu og útrás | 7 | 3 | 1 | 3 | 1 | 1 | 1 | 0 | 1 | 7 | **22** | 0,0 | 1,5 | **3** | 4,2 |
| **3,04** | Samstarfsvettvangar t.d. SI og LÍÚ | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 1 | 0 | 0 | 7 | **12** | 2,0 | 2,5 | **1** | 3,4 |
| **3,05** | Árangur af Borgarnesfundi | 7 | 3 | 3 | 7 | 7 | 3 | 0 | 1 | 3 | 7 | **37** | 0,0 | 2,5 | **1** | 5,1 |
| **3,06** | Úrvinnsla - hugmynda - eftirfylgni | 7 | 3 | 1 | 7 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 7 | **34** | 0,0 | 2,5 | **1** | 5,6 |
| **4** | **Markaðsmál** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **4,01** | Uppfæra upplýsingavefinn NAS | 7 | 7 | 3 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 1 | 7 | **25** | 1,0 | 0,0 | **1** | 5,2 |
| **4,02** | Frísvæði fyrir iðnfyrirtæki | 0 | 3 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | **3** | 0,0 | 0,0 | **1** | 2,1 |
| **4,03** | Ímynd - skapa jákvæða ímynd | 7 | 1 | 7 | 7 | 3 | 7 | 3 | 1 | 7 | 7 | **45** | 0,0 | 2,0 | **3** | 6,7 |
| **4,04** | Stofnun markaðsfyrirtækis málmiðnaðar | 7 | 7 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 7 | **21** | 1,0 | 0,0 | **3** | 4,6 |
| **4,05** | Skilningur á verðmætasköpun í landinu | 7 | 3 | 3 | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 3 | 7 | **41** | 0,0 | 1,5 | **1** | 6,1 |
| **4,06** | Markaðssókn skipaiðnaðarins á norðurslóð | 7 | 7 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 7 | **35** | 0,0 | 0,5 | **2** | 5,4 |
| **4,07** | Grunnskólinn/fræðslumál | 1 | 1 | 3 | 3 | 3 | 3 | 3 | 0 | 7 | 0 | **21** | 1,0 | 1,5 | **1** | 4,8 |
| **4,08** | Upptöku mannvirkja/verstöð | 0 | 0 | 0 | 1 | 7 | 0 | 7 | 0 | 0 | 7 | **20** | 2,0 | 2,0 | **3** | 1,7 |
| **5** | **Stjórnun, gæðamál** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **5,01** | Innleiðing ISO staðla í íslenskum málmiðnaði | 7 | 7 | 1 | 7 | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 7 | **50** | 1,0 | 3,0 | **3** | 6,0 |
| **5,02** | Hagnýt viðmið (Microscope) | 3 | 1 | 1 | 3 | 3 | 1 | 3 | 0 | 0 | 1 | **14** | 1,0 | 2,0 | **2** | 4,3 |
| **5,03** | Aukin framleiðni | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 1 | 1 | 7 | **52** | 0,0 | 2,5 | **1** | 8,7 |
| **6** | **Nýsköpun og þróun** | | | | | | | | | | | | | | | |
| **6,01** | Fjármögnun nýsköpunar, verk- og tæknimenntunar | 7 | 7 | 7 | 3 | 1 | 3 | 1 | 7 | 7 | 0 | **38** | 0,0 | 2,2 | **2** | 6,1 |
| **6,02** | Tæknivöktun | 7 | 3 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 1 | 0 | 7 | **19** | 1,0 | 3,0 | **1** | 3,8 |
| **6,03** | Hagnýting örtækni/Nanótækni í málmiðnaði | 3 | 1 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 7 | 3 | 3 | **27** | 0,0 | 1,0 | **3** | 4,6 |
| **6,04** | Breytt ímynd Iðntæknistofnunar | 0 | 0 | 1 | 0 | 0 | 3 | 0 | 0 | 3 | 0 | **6** | 0,0 | 0,0 | **1** | 4,1 |
| **6,05** | Nýsköpunarhvati | 3 | 3 | 3 | 3 | 1 | 3 | 1 | 1 | 3 | 7 | **25** | 1,0 | 2,0 | **3** | 4,9 |
| **6,06** | Árleg hugmyndasamkeppni | 3 | 1 | 3 | 1 | 1 | 3 | 1 | 0 | 3 | 3 | **17** | 0,0 | 0,0 | **1** | 3,5 |
| | | | | | | | | | | | | **0** | | | | |
| | | 170 | 0 109 | 0 86 | 0 109 | 0 115 | 0 85 | 0 93 | 0 49 | 0 95 | 0 137 | **27** | | | | **5,1** |

# Nýr bæklingur með niðurstöðum



# Framtíðarsýn til ársins 2017



**Meginmarkmið – árangur til ársins 2017**

- Málm- og véltækniiðnaður er grunnstoð með jákvæða ímynd í þjóðfélaginu
- Öflug, sérhæfð og arðsöm fyrirtæki á alþjóðlegum markaði
- Gæðavottaðar vörur og lausnir fyrir alþjóðamarkað

# Árangur og forsendur

Málmur
Samtök fyrirtækja
í málm- og skipaiðnaði

SI



Samtök málm- og véltæknifyrirtækja hafa lagt mikið upp úr metnaðarfullri stefnumörkun og forgangsröðun verkefna í starfi sínu á undanförnum árum. Reynslan sýnir að þau háleitu markmið, sem sett eru fram í slíkri stefnumótun, nást ef samtökin og fyrirtæki í greininni vinna markvisst að því að hrinda þeim í framkvæmd. Með þeim hætti má tryggja að málm- og véltækniiðnaðurinn verði ein af burðarstoðum íslensks atvinnulífs í framtíðinni.

Ný framtíðarsýn samtaka málm- og véltæknifyrirtækja var mótuð á stefnumótunarfundi haustið 2012 með þátttöku forsvarsmanna helstu fyrirtækja í greininni. Hún er sett fram í formi lýsingar á þeim árangri sem greinin sér fyrir sér að hafi náðst árið 2017 og þeim forsendum sem þurfa að vera fyrir hendi.

**Framtíðarsýn = árangur + forsendur**

## Árangur árið 2017

### Málm- og véltækniiðnaður er grunnstoð með jákvæða ímynd

Fyrirtæki í málm- og véltækniiðnaði gegna lykilhlutverki í íslensku atvinnulífi og eru viðurkennd sem grunnstoð í þjóðfélaginu. Ástæða þess er sú að greinin hefur laðað að sér ungt fólk vegna áhugaverðra tæknistarfa sem í boði eru, góðra launa og ágætrar vinnuaðstöðu. Ennfremur er ljóst að málmiðnaðurinn er undirstaða margra annarra atvinnugreina. Hann tryggir viðskiptavinum sínum góðan og öruggan rekstur með kerfisbundnu viðhaldi og kemur fram með tækninýjungar sem auka framleiðni og gæði. Málm- og véltækniiðnaður gegnir lykilhlutverki í framleiðslu og þjónustu búnaðar fyrir sjávarútveg, í matvælaiðnaði, olíuiðnaði, stóriðju, heilbrigðisgeiranum, byggingariðnaði, jarðvarma- og orkuverum. Þetta hefur leitt til þess að ímynd málm- og véltækniiðnaðarins í þjóðfélaginu er sterk og jákvæð.

### Öflug, sérhæfð og arðsöm fyrirtæki á alþjóðlegum markaði

Með aukinni sérhæfingu og alþjóðlegri starfsemi á undanförnum árum hefur velta og arðsemi málm- og véltækniðnaðar verið í stöðugum vexti. Stærstu verkefnin eru innanlands og á Grænlandi en framleiðslan fer á markað um allan heim. Íslenskur málmiðnaður er vel búinn undir væntanleg verkefni á Norðurheimskautsvæðinu.
Með traustum gjaldmiðli og stöðugu starfsumhverfi hefur samkeppnisstaðan styrkst og útflutningur aukist hröðum skrefum. Aukin sérhæfing, samstarf og gæðavottun fyrirtækjanna hefur skapað þeim sterka stöðu á alþjóðamarkaði.

### Gæðavottaðar vörur og lausnir fyrir alþjóðamarkað

Málm- og véltækniiðnaðurinn er nú ein öflugusta útflutningsgrein landsins, meðal annars vegna öflugra klasa sem tengja málmiðnaðinn við aðrar greinar svo sem í sjávarútvegi, fiskvinnslu, stóriðju, olíuiðnaði, byggingariðnaði, orkuiðnaði, matvælaiðnaði, heilbrigðisgeira og samgöngum á norðurslóð. Þetta, ásamt öðru, hefur bætt samkeppnisstöðu málmiðnaðarfyrirtækja og styrkt greinina á alþjóðamarkaði.
Stóraukin áhersla fyrirtækja á sérhæfni, gæðastjórnun og gæðavottun framleiðslu og þjónustu hefur bætt markaðshlutdeild og arðsemi greinarinnar.



# Afgerandi forsendur

Samtök fyrirtækja
í málm- og skipaiðnaði

## Forsendur – hvað þarf til?



- Góð almenn samkeppis- og rekstrarskilyrði
- Hæft starfsfólk, markviss vinnubrögð sem byggist á menntun og þekkingu
- Virk stjórnun og gæði í fyrirrúmi
- Markvisst markaðsstarf

# Forsendur

## Forsendur

### Góð almenn samkeppnis- og rekstrarskilyrði



Íslendingar búa við stöðugt starfsumhverfi sem varð til með aðild að ESB og upptöku evru. Málmiðnaðurinn býr því við traustan gjaldmiðil og góð starfsskilyrði og þjóðfélagið hefur mótað sér stefnu varðandi nýtingu lands og auðlinda.

Höft hafa verið afnumin, verðbólga er lítil og skatta-umhverfið hagstætt þar sem skattlagning hvetur til nýsköpunar og þróunar. Regluverk varðandi málefni starfsmanna hefur verið einfaldað og vinna gegn svartri atvinnustarfsemi hefur borið árangur. Stofnað hefur verið málmsuðuráð sem tengir greinina við stjórnvöld svo unnt er að gefa út alþjóðleg hæfnivottorð í málmsuðu. Með samvinnu fyrirtækja hefur hagræðing í efniskaupum fyrirtækja í málmiðnaði batnað.

### Gott starfsfólk, markviss vinnu-brögð sem byggist á menntun, þekkingu og hæfni

Í málm- og véltækniiðnaði starfar hæft starfsfólk sem lokið hefur verk- og bóklegu námi í málmiðngreinum. Tekist hefur að efla nám í málm- og véltækni þannig að það jafnast á við það besta sem fyrirfinnst. Þessi árangur byggist m.a. á samstarfi við erlenda skóla og tækni-stofnanir sem eru í fremstu röð í heiminum á þessu sviði.

Tengsl atvinnulífs og skóla eru sterk og ná allt frá efstu bekkjum grunnskóla upp í háskóla. Kröfur, sem gerðar hafa verið í tækni- og verknámsbrautum og til endurmenntunar í málmiðnaði, taka mið af þörfum greinarinnar og styrkja samkeppnisstöðuna verulega. Þetta hefur orðið til þess að auka afköst í málmiðnaði, stytta vinnutíma og hækka laun starfsmanna.

Skólar hafa gert verulegt átak í endurmenntun kennara þannig að menntun þeirra og hæfni er hnitmiðuð og nýtist nemendum vel. Þá hafa skólarnir endurnýjað véla- og tækjakost sinn þannig að hann svarar kröfum tímans.

Ný iðngrein, mekatrónik, sem sameinar vél- og raftækni, gegnir nú þýðingarmiklu hlutverki og starfsmenn sem lokið hafa þeirri menntun eru eftirsóttir.

### Virk stjórnun og gæði í fyrirrúmi

Íslensk málmiðnaðarfyrirtæki eiga öll aðild að MÁLMI. Með aukinni samvinnu í þróun og gæðastarfi hafa þau bætt verkefnastjórnun og starfsfólk og stjórnendur hafa náð betri árangri í tímanýtingu. Áhrif þess er aukin framlegð og styttri vinnutími. Metnaður starfsfólks, fagmennska og meiri agi hafa leitt til aukinnar framleiðni og aukinn skilningur er á verðmætasköpun.
Fyrirtæki innan MÁLMS eru flest komin með gæðavottun skv. ISO-9001 og ISO-14000. Gæðavottuð fyrirtæki innan MÁLMS hafa öðlast löggildingu. Lög og reglur varðandi útboðsferla eru virk og starfsemi eftirlitsaðila markviss sem leiðir til bættra starfshátta fyrirtækja í greininni og viðskiptavina þeirra.

### Markvisst markaðsstarf

Með samræmdu átaki og eflingu MÁLMS og Samtaka iðnaðarins hefur náðst enn meiri árangur á innlendum og erlendum mörkuðum. Þar má nefna fyrirtækjanet, klasasamstarf og sameiginlega vefsíðu, www.malmur.is. Vefurinn gerir viðskiptavinum kleift að nálgast vörur og þjónustu með auðveldari hætti en áður og stuðlar að betri ímynd greinarinnar með upplýsingum og fróðleik.



**STEFNUMÓTUN**

Málmur
Samtök fyrirtækja í málm- og skipaiðnaði

## Framtíðarsýn og stefna

| Nr. | Aðgerð/verkefni: / Vægi markmiða | FRAMTÍÐARSÝN MEGINMARKMIÐ: Málm- og véltækniiðnaður er grunnstoð með jákvæða ímynd í þjóðfélaginu. (F 1) | Öflug, sérhæfð og arðsöm fyrirtæki á alþjóðlegum markaði (F 2) | Gæðavottaðar vörur og lausnir fyrir alþjóðamarkað (F 3) | AFGERANDI FORSENDUR: Virk stjórnun og gæði í fyrirrúmi (A 1) | Hæft starfsfólk, markviss vinnubrögð sem byggist á menntun og þekkingu (A 2) | Markvisst markaðsstarf (A 3) | Tæknistofnun málmiðnaðarins leiðir til nýsköpunar og framfara (A 4) | Góð almenn samkeppis- og rekstrarskilyrði . (A 5) | Samtals (A) | Einkunn fyrir árangur 2012(0-4) | Áhætta/hindrun einkunn (0-4) | Umfang/Kostnaður (L,M,S)=(1,2,3) (1, 10) | Forgangsröðun (0-10) (10=mesti forg.) (B) | A*B | Top | Áhersluverkefni í framkvæmd |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Vægi markmiða | 9,5 | 8,9 | 8,6 | 9,4 | 9,6 | 9,0 | 8,6 | 8,9 | | | | | | | 24 | |
| | **Mat á stöðu framtíðarsýnar og forsendna (0-4)** | 2,0 | 1,5 | 1,0 | 1,5 | 1,0 | 0,5 | 2,0 | 0,0 | | | | | | | | |
| **1** | **Stjórnun, gæði, vottun** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1,01 | Samkeppnishæfni í stjórnun málmiðnaðarfyrirtækja | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 3 | 0 | 7 | 41 | 1,0 | 2,5 | 3 | 7,3 | 298 | 5 | 1 |
| 1,02 | Stytting vinnutíma - auka framlegð - bæta verklag - breyttir samningar | 7 | 7 | 1 | 7 | 7 | 3 | 0 | 7 | 36 | 1,0 | 3,0 | 3 | 6,3 | 227 | 11 | 1 |
| 1,03 | Verkskipulag frá byrjun til enda - kröfur um undirbúning á öllum stigum | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 3 | 3 | 3 | 40 | 1,0 | 2,0 | 1 | 6,8 | 271 | 9 | 1 |
| 1,04 | Gæðastjórnun - áfangastýrð gæðavottun | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 3 | 7 | 47 | 2,0 | 1,0 | 3 | 7,8 | 370 | 1 | 2 |
| 1,05 | CE-vottun í málmiðnaði - ferlar og vörur - "one stop shop" | 3 | 7 | 7 | 7 | 3 | 3 | 7 | 7 | 40 | 1,5 | 1,5 | 1 | 6,9 | 273 | 8 | 2 |
| 1,06 | ISO-9001 og ISO-14000 innleiðing og leiðsögn til fyrirtækja | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | 3 | 7 | 3 | 44 | 1,0 | 2,0 | 2 | 7,3 | 316 | 2 | 2 |
| **2** | **Menntun, fagmennska og starfsmannamál** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 2,01 | Málmsvið Iðunnar - sjálfstæð eining | 0 | 3 | 3 | 0 | 1 | 1 | 3 | 0 | 10 | 1,0 | 2,5 | 2 | 3,8 | 36 | | |
| 2,02 | Slysavarnarskóli Málms (hugsanlega í samstarfi við Iðunna og Vinnueftirlit) - skýrt verklag | 1 | 3 | 0 | 3 | 1 | 0 | 3 | 3 | 13 | 0,5 | 2,0 | 3 | 4,5 | 57 | | |
| 2,03 | Virk suðukennsla í málmsuðu - hæfir suðumenn í skóla/nemendur í fyrirtækin | 3 | 7 | 3 | 7 | 7 | 0 | 3 | 7 | 34 | 0,5 | 1,0 | 2 | 6,4 | 216 | 14 | 3 |
| 2,04 | Endurmenntun verkmenntakennara í málmi (suðu ofl) | 3 | 3 | 3 | 3 | 7 | 0 | 7 | 7 | 30 | 1,0 | 3,0 | 2 | 6,3 | 187 | 16 | 3 |
| 2,05 | Málmiðnaður - heillandi framtíðarstarf - laun, starfsmenntun, starfsaðstæður | 7 | 7 | 0 | 7 | 7 | 0 | 1 | 7 | 33 | 2,0 | 2,0 | 2 | 8,3 | 274 | 6 | 5 |
| 2,06 | Færa verknám út í atvinnulífið - alla leið | 1 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0 | 3 | 3 | 9 | 1,5 | 3,0 | 3 | 2,8 | 25 | | 3 |
| 2,07 | Mekatronik - nýtt eða módul ofan á núverandi iðnnám | 3 | 1 | 1 | 0 | 3 | 0 | 3 | 3 | 13 | 0,0 | 2,0 | 2 | 5,4 | 69 | | 3 |
| 2,08 | Stjórnendafræðsla innan Málms | 7 | 0 | 3 | 0 | 7 | 3 | 3 | 7 | 27 | 1,0 | 2,5 | 3 | 5,3 | 146 | 19 | 1 |
| **3** | **Markaðs- og kynningarmál - samstarf** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 3,01 | Jarðvarmatæknifyrirtæki/fyrirtækjanet á alþjóðamarkaði | 1 | 7 | 7 | 0 | 1 | 7 | 1 | 3 | 24 | 1,0 | 2,0 | 3 | 4,8 | 114 | 24 | 4 |
| 3,02 | Inspired by Icelandic Innovation - á málmsviði - stuðningur við útflutningsstarf fyrirtækja | 3 | 7 | 1 | 0 | 7 | 7 | 1 | 3 | 26 | 1,0 | 1,5 | 3 | 6,1 | 161 | 17 | 4 |
| 3,03 | Eftirfylgni stefnumótunar - verkefnastjórnun | 7 | 7 | 1 | 7 | 3 | 1 | 3 | 3 | 29 | 2,0 | 0,5 | 1 | 7,2 | 210 | 15 | 6 |
| 3,04 | Bæta ímynd greinarinnar - fjölga fólki - kynningar á fyrirtækjum/auglýsingar/netið | 3 | 7 | 1 | 7 | 7 | 3 | 1 | 3 | 29 | 1,5 | 1,0 | 2 | 8,1 | 238 | 10 | 5 |
| 3,05 | Sameiginlegt markaðsfyrirtæki nokkurra fyrirtækja í útflutningi | 3 | 7 | 7 | 0 | 1 | 7 | 0 | 3 | 25 | 1,0 | 1,5 | 3 | 6,3 | 159 | 18 | 4 |
| 3,06 | Sameiginleg vefsíða innan Málms - lén og síða/kynning fyrirtækja | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 1 | 7 | 34 | 0,0 | 2,0 | 2 | 8,8 | 305 | 3 | 4 |
| 3,07 | Efla samstarf innan Málms - kynning og leit samstarfsaðila | 1 | 7 | 3 | 7 | 3 | 7 | 1 | 3 | 29 | 2,0 | 0,5 | 2 | 7,8 | 227 | 12 | 6 |
| 3,08 | Norðurheimskautsklasi | 3 | 3 | 7 | 0 | 1 | 7 | 3 | 3 | 24 | 0,0 | 2,0 | 3 | 5,1 | 122 | 22 | 4 |
| 3,09 | Öll málmiðnaðarfyrirtæki félagar í Málmi | 1 | 7 | 1 | 0 | 1 | 3 | 0 | 3 | 14 | 2,3 | 2,0 | 2 | 8,3 | 119 | 23 | 6 |
| 3,10 | Málmiðnaðarsamband - aftengt SI | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 3 | 0,5 | 4,0 | 3 | 2,1 | 6 | | |
| 3,11 | Ímyndarviðburður t.d. keppni milli skóla sem sýnir fjölbreytni/m. samfélagstengingu | 3 | 7 | 0 | 3 | 7 | 1 | 3 | 3 | 25 | 0,5 | 1,0 | 2 | 5,5 | 136 | 20 | 5 |
| 3,12 | Staðla og gæðamál - almennt t.d. Í útboðsmálum ofl. | 3 | 7 | 7 | 7 | 3 | 7 | 7 | 3 | 40 | 1,0 | 2,0 | 3 | 7,7 | 303 | 4 | 2 |
| **4** | **Tæknimál, þróun og nýsköpun** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 4,01 | Öflug tæknistofnun - vél- og málmiðnaðar | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 3 | 7 | 7 | 36 | 0,5 | 1,0 | 3 | 7,6 | 273 | 7 | 7 |
| **5** | **Starfsskilyrði, lög og reglur** | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 5,01 | Málmsuðuráð með samning við stjórnvöld | 3 | 3 | 1 | 3 | 1 | 3 | 3 | 3 | 18 | 0,0 | 1,0 | 1 | 7,5 | 136 | 21 | 8 |
| 5,02 | Skattalegir hvatar til fjárfestinga/hlutabréfakaup í fyrirtækjum | 3 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 8 | 1,5 | 2,0 | 2 | 4,1 | 34 | | |
| 5,03 | Löggilding/vottun málmiðnaðarfyrirtækja innan Málms | 7 | 3 | 3 | 3 | 7 | 3 | 7 | 3 | 33 | 1,0 | 2,0 | 2 | 6,8 | 222 | 13 | 2 |
| 5,04 | Vélfræðingar með rafvirkjaréttindi í landi | 3 | 3 | 0 | 3 | 7 | 0 | 1 | 1 | 17 | 1,0 | 2,0 | 2 | 5,1 | 85 | | |
| | | | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | | | | | | | |
| | | 113 0 | 159 0 | 94 0 | 116 0 | 130 0 | 92 0 | 86 0 | 125 0 | 26 | 1,0 | | | 6,2 | 181 | | |

# Áhersluverkefni

## Áhersluverkefni

Við mótun framtíðarsýnar málmiðnaðarins voru skilgreind átta áhersluverkefni til að tryggja að unnið verði skipulega að því að ná fram þeim markmiðum sem greinin hefur sett sér.

**Skipulag, stjórnun og framleiðni**
Fyrirtækjunum verður áfram boðin aðstoð við að endurbæta skipulag sitt og stjórnun með áfangastýrðri gæðavottun SI sem reynst hefur mörgum fyrirtækjum vel og gert þeim kleyft að feta þann veg í hæfilega stórum skrefum. Þar sem best hefur tekist upp hafa þessar aðgerðir leitt til aukinnar framleiðni og bættrar afkomu.

**Gæðastjórnun, vottun og CE-merkingar**
Gæði framleiðslu og þjónustu ráða úrslitum varðandi samkeppnishæfni fyrirtækja á kröfuhörðum mörkuðum. Alþjóðakröfur um öryggi véla og mannvirkja eru lagðar til grundvallar í því starfi og þær útfærðar með vottunum og/eða CE-merkingum. Allt slíkt starf byggist á samvinnu fyrirtækja og samtaka þeirra.

**Menntun, fagmennska og hæfni**
Áfram verður unnið með samtökum iðnsveina að endurnýjun náms í greininni í samvinnu við skóla og yfirvöld. Endurmenntun málmiðnaðarmanna er sífellt viðfangsefni og felst að miklu leyti í að flytja þekkingu og hæfni inn í landið og breiða hana út meðal málmtækni-manna.

**Alþjóðleg markaðssetning og kynning**
Unnið verður enn frekar að sérhæfingu fyrirtækjanna og samstarfi þeirra við markaðssetningu á alþjóðamarkaði. Klasasamstarf hefur þegar gefið góða raun og nauðsyn-legt er að nýta þá aðferðafræði enn frekar. Efla þarf samstarf við Íslandsstofu um þann málaflokk.

**Bætt ímynd málmiðnaðarins**
Nauðsynlegt er að kynna grunnskólanemum greinina til að bæta ímynd hennar en þar er að finna framtíðar-vinnuafl tækniiðnaðarins. GERT-verkefnið verður mikilvægt framtak í því sambandi. Jákvæð umfjöllun um greinina er eitt af forgangsverkefnum samtakanna næstu árin.

**Efling félagslegrar samstöðu innan MÁLMS**
Eins og gildir um aðrar atvinnugreinar veltur á miklu að hagsmunafélag málmiðnaðarins – MÁLMUR - sé öflugt og geti, ásamt heildarsamtökunum, beitt sér fyrir umbótum í starfsumhverfinu og innan fyrirtækjanna sjálfra. Til þess verður að tryggja að öll fyrirtæki í greininni verði virkir þátttakendur í starfi samtakanna.

**Öflug tæknistofnun málm- og véltækniiðnaðar**
Ein frumforsenda þess að unnt verði að tryggja framfarir í þessari tæknigrein er að hér sé til öflug tæknistofnun sem sinnir greininni og fyrirtækjum innan hennar. Þannig er það hjá öllum þjóðum sem náð hafa árangri á þessu sviði.

**Stofnun Málmsuðuráðs**
Með samningi við stjórnvöld er nauðsynlegt að koma á Málmsuðuráði. Það er forsenda þess að málmiðnaðurinn geti sinnt þeim meginþætti sem málmsuðan er enda er hann byggður á alþjóðasamstarfi og kröfum sem þar gilda.



## Hvað er málm- og véltækniiðnaður?

Málm- og véltækniiðnaður er hátækniiðngrein sem hannar og framleiðir vélar og tæki sem eru eftirsótt innanlands og á alþjóðamarkaði auk þess að sinna almennum smíðum og viðhaldi atvinnutækja lands-manna.

Greinin býr að áratuga reynslu á sviði þjónustu, smíði og framleiðslu. Tæknistig er hátt og greinin nýtir allar nýjustu vélar og tæki sem eru á boðstólum og kappkostar að færa nýja tækniþekkingu til fagmanna. Þar gegnir öflug endurmenntun á vegum samtaka fyrirtækja og iðnsveina miklu hlutverki. Sú menntun er tryggð með víðtæku samstarfi við virtar tæknistofnanir erlendis.

Málm- og véltæknigreinin nýtir góð samskipti við viðskiptavini til að þróa tæknilausnir fyrir þá. Þær leiða oft til framleiðslu mjög verðmætra véla og tækja sem seld eru á alþjóðamarkaði. Reynslan sýnir að möguleikar á þessu sviði eru gríðarlegir.

Íslensk málm- og véltæknifyrirtæki stefna áfram að því að bjóða viðskiptavinum afbragðs viðgerðar- og viðhalds-þjónustu á grundvelli gæðastýringar og fyrirbyggjandi viðhalds.

*Grunnupplýsingar um verkefnið*

| *Númer* | *Heiti verkefnis* | *Forgangur (0-10)* |
|---|---|---|
| **1,01** | **V1. Skipulag, framleiðni og stjórnun** | **7,3** |

| *Markmið verkefnisins* | *Áhrif* |
|---|---|
| Tryggja að vel sé staðið að stjórnun í málmfyrirtækjum frá millistjórnendum til yfirstjórnar - auka framlegð - gera kröfur um góðan verkundirbúning á öllum stigum verkefnis - saþyætta verkstjórnafræðsluna/meistaraskólann í heilsteypt stjórnendanám fyrir stjórnendur | **41** |

| *Stutt lýsing á framkvæmd* | *Umfang (1,2,3)* |
|---|---|
| Setja á fót samstarfsvettvang með SI þar sem lagt verði mat á stöðu þessara mála hér á landi miðað við stöðuna hjá erlendum keppinautum - koma með tillögur til úrbóta - vinnudagur er eingöngu dagvinna 8 klst. Engir kaffitímar - yfirvinna er með 50% álagi og dagvinnutími hækkar - vinnutíminn verður x 2 4 klst. með 30 mín matarhlé á milli - arkitektar - verkfræðingar vinni sína heimavinnu fyrir verkkaupa - tilboð séu gerð af hæfum verktökum og síðan sé verki fylgt eftir af hæfum eftirlitsaðilum | **3** |

*Framkvæmdaaðilar - hagsmunaaðilar - samstarfsaðilar*

málmur og si verður trúlega að vera í kjarasamningum 50% álag á yfirvinnu - stytting vinnutíma getur verið fyrirtækjasamningur - verk

| *Stutt lýsing á stöðu verkefnis í upphafi og einkunn (0-4)* | *Staða (0-4)* |
|---|---|
| | *17.11.2012* |
| Hver var staða verkefnisins þegar upphafleg stefnumótun var framkvæmd | **1,0** |

*Framkvæmd*

| *Stutt lýsing á núverandi stöðu verkefnis og einkunn (0-4)* | *Staða (0-4)* |
|---|---|
| | *17.11.2012* |
| Hver er núverandi staða (miðuð við nýja dagsetningu). | **1,0** |

| *Áhættumat í framkvæmd og hindranir gegn því að ná markmiðum verkefnis og einkunn(0-4), dagsetning* | *Hindrun/áhætta* |
|---|---|
| | *17.11.2012* |
| Samhæfa þarf marga ólíka krafta með ólík viðhorf. | **2,5** |

| *Nr.* | *Megin verkþættir:* | *Vörður/árangur* | *Kostnaður þús. kr.* | *Ábyrgð* | *Staða (0-4)* |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Setja á fót samstarfsvettvang með SF | Varða/árangur 1 | | NN | 1,0 |
| 2 | Leggja mat á stöðu hjá erlendum keppinautum | Varða/árangur 2 | | NN | 1,0 |
| 3 | Gera tillögur til úrbóta | Varða/árangur 3 | | NN | 1,0 |

# Framkvæmd-næstu skref

| Verkefni - nafn: | staða | Næstu skref |
|---|---|---|
| V1. Skipulag, framleiðni og stjórnun | 1,0 | Setja á fót samstarfsvettvang með SI |
| V2. Gæðastjórnun, vottun og CE-merkingar | 1,5 | Stofna hóp innan Málms ásamt starfsmanni frá SI. |
| V3. Menntun, fagmennska og hæfni | 0,5 | Málmur semur við menntamálaráðuneyti og tekur út þau fyrirtæki sem þetta geta |
| V4. Alþjóðleg markaðssetning og kynning - vefsíða | 0,0 | Mynda hóp sem getur boðið heildarlausnir í búnaði. |
| V5. Bætt ímynd málmiðnaðar | 1,5 | Auglysingar, kynningar á fyrirtækjum, fyrirtækjanet fyrir öll fyrirtæki í málmiðnaði, kynningar í skólum, móttaka í skólum |
| V6. Efling félagslegrar samstöðu innan Málms | 2,0 | Koma á fót "drop boxi" - SI og stjórn Málms vinni skipulega að því að koma lykilverkefnum áfram |
| V7. Öflug tæknistofnun - vél- og málmiðnaðar | 0,5 | SI kalli eftir þörfinni á því að styrkari stoðum verður rennt undir nýsköpun - þróun - hæfnispróf - vottanir - etc. ... |
| V8. Málmsuðuráð með samning við stjórnvöld | 0,0 | 1. skilgreina starfssvið og rekstur ráðsins, 2. samningur við stjórnvöld |

# Staða verkefna – nóv. 2012



# Staða verkefna HSV – febrúar 2013

